

## **Aðalfundur Cruise Iceland - Fyrir starfsárið 2019 -**

**4.6.2020 Siglufirði**

**Stjórn:**

Blængur Blængsson - Samskip  
Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel  
Erna Kristjánsdóttir, Faxaflóahafnir  
Gunnar R. Birgisson - Atlantik  
Pétur Ólafsson, formaður - Hafnarsamlag  
Norðurlands.

**Varastjórn:**

Aðalheiður Borgþórsdóttir - Seyðisfjarðarhöfn  
Guðmundur M. Kristjánsson - Ísafjarðarhöfn  
Jóhann Bogason - TVG Zimsen / Gára  
Jón Ingi Einarsson – Ekran  
Sigríður Eysteinsdóttir – Iceland Pro Cruises

**Mættir á fundinn voru eftirfarandi aðilar:**

- |                             |                                   |
|-----------------------------|-----------------------------------|
| ✓ Aðalheiður Borgþórsdóttir | ✓ Ingunn Hjaltalín Ingólfssdóttir |
| ✓ Andrés Sigurðsson         | ✓ Jóhann Bogason                  |
| ✓ Aníta Elefsen             | ✓ Linda Lea Bogadóttir            |
| ✓ Birgitta Rúnarsdóttir     | ✓ Lúðvík Geirsson                 |
| ✓ Emma Kjartansdóttir       | ✓ Pétur Ólafsson                  |
| ✓ Erna Kristjánsdóttir      | ✓ Sigríður Eysteinsdóttir         |
| ✓ Guðmundur M. Kristjánsson | ✓ Tinna Ólafsdóttir               |
| ✓ Gunnar Rafn Birgisson     | ✓ Þórir Gunnarsson                |
| ✓ Halldór Karl Hermannsson  | ✓ Valgeir Ægir Ingólfsson         |
| ✓ Hera Brá Gunnarsdóttir    |                                   |
| ✓ Hjörtur Sigurðsson        |                                   |

### **Dagskrá**

1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar fyrir 2019
3. Ársreikningur fyrir 2019
4. Fjárhagsáætlun fyrir 2020.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Árgjald næsta árs
8. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

**Fundur settur kl 16:30**

## Efni fundar:

### 1. Kosning fundarstjóra

Pétur Ólafsson, formaður Cruise Iceland, tekur til máls og fer yfir fyrirkomulag aðalfunda félagsins. Því næst er lagt til að Lúðvík Geirsson verði fundarstjóri og Hera Brá fundarritari.

### 2. Skýrsla Stjórnar

Erna Kristjánsdóttir las yfir ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019. Árið var mjög gott fyrir komur skemmtiferðaskipa. Sjá skýrslu fyrir nánari útlistun um einstaka málaflokka. Stefnt er á aðalfund í Vestmannaeyjum 2021.

Engar athugasemdir bárust um skýrslu stjórnar

### 3. Ársreikningur 2019

Emma Kjartansdóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikning samtakanna sem listaður er í ársskýrslu. Í stórum dráttum voru tekjur samtakana fyrir árið 12.720.000 og gjöld 13.394.463, tap var því 674.463 kr. Handbært fé í árslok. 5.703.257kr

Ársreikningur hafði áður verið samþykktur í stjórn og því aðeins lagður fram til kynningar.

### 4. Fjárhagsáætlun 2021

Pétur Ólafsson fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Miðað er við sambærilegar tekjur og árið áður. Gert er ráð fyrir því að sýningar séu greidar með þáttökugjöldum. PR málin það er tilefni til að bæta enn í almannatengsla málin á næsta ári. Lagt fram tap upp á 845.000kr því við eigum í sjóði.

Engar athugasemdir við fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og hún samþykkt einróma.

FAM ferðin, kom spurning um hvort það ætti að rukka sérstaklega þær hafnir sem fá heimsóknir í FAM ferðinni. Þessi spurning hefur oft komið upp, þeir sem fá heimsóknir eru að leggja til ýmislegt eins og mat og afþreyingu. Þeir sem fá ekki heimsókn er boðið að fá fund með FAM gestunum oft í upphafi FAM ferðarinnar þannig að enginn verður út undan.

### 5. Kosning stjórnar

Óskað var eftir framboðum í stjórn en það komu engin framboð. Því er lagt til að stjórn haldist á næsta ári fyrir utan Jóhann Bogason kemur í stað Írisar Jóhannsdóttur og að Samskip fer í varastjórn og Gára í aðalstjórn eins og hefð er að gera á tveggja ára fresti.

#### Aðalstjórn:

- Blængur Blængsson, Samskip
- Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel
- Erna Kristjánsdóttir, Faxaflóahafnir
- Gunnar Rafn Birgisson, Atlantik
- Pétur Ólafsson, Akureyrarhöfn

#### Varastjórn:

- Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjarðarhöfn
- Guðmundur Kristjánsson, Ísafjarðarhöfn
- Íris Hrund Jóhannsdóttir, Gára
- Jón Ingi Einarsson, Ekran
- Sigríður Eysteinsdóttir, Iceland Pro Cruises.

Samþykkt einróma.

## 6. Kosning löggilts endurskoðanda

KPMG hefur séð um endurskoðun félagsins og lagt til að KPMG sjái áfram um gerð ársreikninga. Samþykkt einróma.

## 7. Árgjald næsta árs

Stjórn leggur til að árgjaldið sé óbreytt, 295.000 kr fyrir árið 2020, samþykkt einróma.

## 8. Umræður og atkvæðagræðsla um önnur mál

Það er mikil óvissa og óöryggi framundan vegna covid ástandsins tengt skemmtiferðaskipum. Okkur langaði að heyra í meðlimum Cruise Iceland hvernig staðan væri hjá þeim og hvernig þeir sæu framtíðina

Pétur hjá Akureyrarhöfn: Þetta er mjög þungt högg, það eru eftir 85 skip af 216 og á eftir að fækka. Högg um hálfan milljarð ef fer á versta veg. Þetta hefur áhrif á starfsmenn, tekjur, uppbyggingu – tefur uppbyggingu um 1-2 ár. En hann er bjartsýnn fyrir framtíðina. Ef við sleppum gegnum þetta ár skamlaust þá verði næsta ár býsna öflugt. Hann telur að við munum sjá breytt ferðamynstur, færri í rútum, sóttþreinsanir. Það komu jákvæðar fréttir í síðustu viku, Gyða hefur verið að vinna gríðarlega gott starf í Köben og þau eru búin að vera að koma sjónarmiðum okkar inn til hópanna sem vinna að ferðamálum tengt covid. Þau náðu loks símafundi með Rögnavaldi Ólafssyni sem er í þessum nýjasta hópi. Sömu sóttkvíarreglur gilda um skipafarþega og flugfarþega. Litlu skipin eru flest að taka farþega upp á Íslandi eftir flug. Hurtigruten stefna á að byrja í byrjun júlí. Rögnavaldur sá ekkert því til fyrirstöðu að þetta gæti gengið upp. Það virðist vera að skipafélögunum líði betur að koma með skip hingað heldur en í miðjarðarhafið. Þetta virðist aðeins vera að snúa til baka en sumarið verður ekki stórt.

Emma hjá Iceland Travel: Iceland Travel er að horfa fram á gríðarlegt tekjutap fyrir þetta ár. Það stefnir í að vera bara leiðangursskip í ár. Það eru stór skip enn á áætlun en hún reiknar með að þau komi ekki. Bindur mestar vonir við Hurtigruten og Lindblad. Það er mikið um farþegaskipti og öðruvísi siglingar, minni hafnir eru að fara frá fjöldanum. Emma heldur að við eigum eftir að sjá skip í sumar þó ekki mikið. Þetta er búið að hafa mikil áhrif á starfsemi fyrirtækisins, margir eru í hlutastarfi og einhverjar uppsagnir. Þau sjá fram á breytingar á ferðum. Skipafélögin fara fram á gríðarlega miklar sóttþreinsanir á rútum og öðrum aðbúnaði sem þarf að þrifa milli farþega. Þetta eru nýjar áskoranir, líka varðandi farþegaskipti. Það er mikill áhugi á Íslandi og mikið bókað næsta sumar. Skipafélögin eru ákeðin að koma til Íslands og horfa björtum augum. Iceland Travel er að vinna náið með skipafélögunum til að finna lausnir.

Erna hjá Faxaflóahöfnum: Eins og staðan er í dag er júní dottinn út og júlí farinn að minnka. Líklega koma ekki stór skip í ár en minni leiðangursskip munu væntanlega koma. Þrátt fyrir þetta er að aukast í bókunum á næsta ári, bæði hvað varðar skipakomur og fjölda farþega.

Aníta á Siglufirði: Þau áttu von á tæplega 30 komum og sitja 4 eftir í dag. Þetta hefur ekki beinlínis áhrif á höfnina en hefur meiri áhrif á ferðapjónustuaðila. T.d tekjur safnsins hafa verið svipaðar og hafnarinnar.

Aðalheiður á Seyðisfirði: Það voru 68 bókanir og eru núna 19 eftir. Það er mikið tekjutap sem hefur mikil áhrif, einnig Norræna líka. Þau eru að berjast fyrir að fá skimanir til að fá Norrænu aftur. Þetta er mikið tap fyrir ferðaþjónustuaðila en þau eru að reyna að halda haus, það er bjart framundan.

Sigríður hjá Iceland ProCruises: Eru með Ocean Diamond í Bretlandi og öll starfsemi liggur niðri. Starfsmenn í Þýskalandi eru á hlutabótaleið og koma aftur inn í haust. Margir hafa endurbókað á næsta ári. 30% hafa afbókað. Reiknar með að taki 2 ár að ná þessu upp. Það er rúta fylgir skipinu hringinn í kringum landið, það er allt sótthreinsað og færri farþegar í hverri rútu. Henni finnst jákvætt fyrir okkur hvað var tekið vel á covid hér.

Gunnar hjá Atlantik: Þetta hefur gríðarleg áhrif á reksturinn, voru með 3 milljarða í veltu í fyrra en milljónir í ár. Hafa þurft að grípa til hlutabótaleiðar og uppsagna. Eru að vonast til að geta ráðið fólk aftur í lok sumars og það lítur út fyrir að það muni ganga eftir. En þau reu að finna mikinn áhuga og eru að búa til prógram fyrir nýja aðila og búa til samninga fyrir næsta ár og það er greinilegt að Ísland er í sigtinu hjá skipafélögunum. Stærri skipin eru ekkert að fara að koma, Atlantik er meira með stór skip heldur en leiðangursskip. Þau vinna að því að komast gegnum veturinn, áttu gott ár 2019 sem hjálpar og eru að horfa fram á næsta ár sem stefnir í að verða gott með breytingum og nýjum ferlum á sótthreinsun. Þau voru með 40 starfsmenn en verða sennilega ekki svo margir á næsta ári. En bókanirnar sem eru komnar 2021 þarf að taka með varúð, kannski verða félögin ekki til á næsta ári.

Birgitta frá Fjarðabyggð: Það voru ekki margar bókanir í sumar, færri en síðasta sumar 12 þá 9 þetta sumarið. 3 komur enn inni (2 skip). Þetta er ekki það stór partur af starfseminni hjá höfninni þannig að þetta hefur ekki mjög mikil áhrif en hefur áhrif á ferðaþjónustuaðila. Bókanir fyrir næsta ár flæða ekki inn enda hafa þau ekki verið að leggja mikla áherslu á skipin. Þau könnuðu þolmörk svæðisins og það var samhljómur íbúa að auka ekki við skipin, eru sátt eins og þetta er.

Guðmundur Ísafjarðarhöfn: Þetta hefur veruleg áhrif hjá þeim. Allavega 60% tekjumissir en sem fyrirtæki standa þau vel, hafa átt góð ár síðustu ár. Eiga milli 700-800 milljónir í eigið fé þannig að þau geta staðið þetta af sér. Þau eru að draga úr rekstrarkostnaði en þetta ár verður erfitt rekstrarlega séð en hann hefur miklar áhyggjur af innviðum svæðisins. Þau hafa verið með heimamenn að taka á móti skipunum og hann hefur miklar áhyggjur af þeim. Það var búið að fjárfesta í nýjum rútum síðasta vetur og að sitja uppi með þær verkefnausa er ekki gott. Það lendir á okkur að standa við bakið á þessum aðilum. Það er ekki tilviljun að skipakomur hafi aukist mjög síðustu ár. Þau hafa verið að standa sig vel. Eru að fara að fjárfesta og framkvæma fyrir milljarð. Lengja kanntinn fyrir skemmtiferðaskipin um 300 metra. Næsta ár lítur gríðarlega vel út og 2022 líka. Hefur ekki áhyggjur af framtíðinni heldur af fyrirtækjunum á Ísafirði.

Jóhann hjá Gáru: Það er 80% tekjufall hjá Gáru. Borguðu í fyrra milljarð til hafnanna, ef engin skip koma sér hann hvað höggið verður mikið fyrir hafnirnar. Þau sögðu upp einum starfsmanni og fluttu 3 annað. Eiginlega bara hann og Jón Auðunn eftir að vinna í skemmtiferðaskipunum. Endalaust verið að afbóka, biðja um nýjar upplýsingar, færslur. Eru með bókaðar 337 komur en fækkar á hverjum degi. Liðlega helmingur af því sem þau voru með. Útgerðirnar virðast vera að afbóka ca mánuð fram í tímann. En það er mikill áhugi á að koma. Öll snekkjufyrirtæki vilja koma með snekkjur hingað, en geta ekki flogið fólki inn, það koma allir farþegar með einkaflugvél. Það pirrar útgerðirnar að fá ekki svör því það tekur þau mánuð að undirbúa komur. Vantar upplýsingar frá stjórnvöldum.

Þórir frá Húsavík: Hjá þeim er staðan slæm, 42 skip voru bókuð, 15 sem standa eftir. Þetta hefur áhrif á ferðaþjónustuaðila ekki jafn mikið á höfnina. Þetta verður erfitt ár en hafa ekki þurft að segja upp starfsfólki. Fyrirhugaðar eru 400 milljón kr framkvæmdir á hafnarbakka og Þórir vill flýta þeim, þetta er 3ja ára vinna. Þau eru bjartsýn með næstu ár, fer eftir hvað gerist í þessum covid málum og hverjar kröfurnar verða í framtíðinni.

Halldór frá Reykjanesi: Þau eru það stutt á veg komin, voru ekki með skip bókað í ár og ekki heldur á næsta ári og hefur því ekki áhrif á tekjur hafnarinnar. Engum hefur verið sagt upp. Er vongóður að fá skip á næstu árum.

Andrés frá Vestmannaeyjum: Staðan í Eyjum er þannig að þetta hefur áhrif en skiptir þau ekki miklu máli. Stóru skipin voru búin að hætta við að koma vegna veðurs. Það komu 60 skip í fyrra og voru bókaðar 90 í sumari, 35 sem eru eftir. En þau eru helst að fá leiðangurskip. 10% eða minna af tekjum af skemmtiferðaskipum. Tekjumissir fyrir starfsmenn hafnarinnar en þeir horfa bjartir fram á við.

Hjörtur frá Patreksfirði: 47% er búin að afbóka. Það hefur áhrif en ekki svo mikil á höfnina. Mest á þá sem eru að þjónusta skipin og farþegana.

Lúðvík frá Hafnarfirði: Lúðvík spáir í það hvort farþegar séu tilbúnir til að fara að ferðast? Ef þeir eru tilbúnir að fara í einhverjar ferðir þá er það hingað norður frekar en suður. Þar er okkar tækifæri. Hvaða póísíu viljum við hafa í þessum bransa? Höfum mikið verið í því að vera veitendur. Hafa komið með kröfur og við tilbúnir til að taka við öllu því það er að gefa okkur tekjur og tækifæri. Hvernig erum við að markaðssetja okkur og hvernig viljum við stilla þessu upp til næstu ára? Þessi business er ekkert að fara er bara að aukast. Þurfum að stýra því hvaða leiðir við viljum fara, hvaða þjónustu getum við veitt. Er hægt að lengja tímabilið fram á haust? Í Hafnarfirði eru skemmtiferðaskipin ekki stærst, en eru mikilvæg. Erum að taka lítil og millistærðir af skipum.

Það er kraftur í hópnum við sjáum ljós við endann á göngunum.

**Fundi slitið 18:05.**